

SKÚLI H. NORÐDAHL
ARKITEKT F.A.Í.

VÍÐIMEL 55 - SÍMI 12160 - 107, REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ/1 211085

komudagur 215 1990

Reykjavík, 1. maí 1990.

Til allsherjarnefndar Sameinaðs Alþingis,
form. Guðni Ágústsson.

Að loknu viðtali minnu við allsherjarnefndina átti ég stutt samtali við Skúla Guðmundsson form. byggingarnefndar Þjóðleikhússins. Það samtali gefur mér tilefni til að upplýsa nefndina um eftirfarandi.

1. Skúli svaraði því hver Ölveski er þannig. Hann segðist vera verkfræðingur og arkitekt sem var kallaður frá Ungverjalandi fyrir um 20 árum, sem ráðunautur vegna leikhúsbyggingar í Gautaborg.

Skúli hefur ekki aðrar heimildir um menntun hans, en að hann sé áhugamaður um leikhús.

Í Svíþjóð er ekki lögverndað heitið arkitekt og geta allir tekið sér það án þess að hafa menntun til.

Á þeim tíma sem hann nefnir var verið að fjalla um nýtt óperuhús, en ekki leikhús. Var hætt við það og gamla Óperan lagfærð.

Ég var í Gautaborg um það leyti og fylgdist með umræðunum og ákvörðunum í málinu.

2. Þá kvaðst Skúli aldrei hafa séð eða vitað um þá brunatæknilegu úttekt, sem er hér hjálögð og lýsir því hvað gera þarf að Þjóðleikhúsinu óbreyttu.

Þá átti ég tali við Sigurð Líndal á leið út úr húsinu og sagðist honum eitthvað á þessa leið.

Það er alveg furðulegt að verið er að vasast í að breyta hinu ágætasta leikhúsi hér á landi á sama tíma og Þjóðverjar verja feikna fjármunum, fyrirhöfn og tíma í að endurbyggja í sinni upphaflegu mynd fjölda leikhúsa, sem skemmdust í síðasta stríði.

Þá hafði hann orð á því að svalafyrirkomulag eins og er í Þjóðleikhúsinu er snar þáttur í evrópskri leikhúshefð.

Með vinsamlegum kveðjum,

Skúli H. Norðdahl.

Hjálagt

Úttekt á brunavörnum í Þjóðleikhúsinu

unnin af Brunamálastjórn og Eldvarnaeftirliti Reykjavíkur.

SKÚLI H. NORÐDAHL

ARKITEKT F.A.Í.

VÍÐIMEL 55 - SÍMI 12160 - 107, REYKJAVÍK

Þriðji 1. maí 1970

Til alskorjarnefndar samráðs Alþingis
form. Guðni Ólafsson

Þú lokur viðtali mínu við alskorjarnefndina
átti ég stutt samtal við skila Guðmundsson
form. býzingsnefndar þjóðleikhlússins.

Það samtal gefur mér tilefni til að
upplýsa nefndina um eftirfarandi:

1. Skúli svarar því því Ólvestri er þannig.

Stamm segdist vera veltfæðingur og
arkitekt sem var kallaður frá Ungveja-
landi fyrir um 20 árum, sem ráðu-
ngæddur vegna leikhlúsbýzings í
Gautaborg.

Skúli hefur ekki aðrar heimildir um
menntum hans, en að hann sé
ábrugamaður um leikhlú.

Í Svipjód er ekki tákveandi heimil
arkitekt og gela allis þekkt er það
ann þess að kafa menntum til.

A þeim tíma sem hann nefnir var
verid að fjalla um niðr óperuhlú, en
ekki leikhlú. Var heill við það og gamla
Óperan lagðast.

Ég var í Gautaborg um það tíli og
fyllgdist með um ræðum um og ákveð-
num í matinu.

2. Þá kvaddi Skúli aldrei kafa séð eða vitað
um þá bruna teknilega juddel, sem er
hér ljáloyst og lýsis því kvat gera þess
að þjóðleikhlússinu óbreyttu.

þá átti ég tal við Sigurd Sindal á leið
úð ús húsinu og sagðist konum
viðhvast á þessa leið.

Það er allveg fúðulegt að verið er að
vasast í að bæyla þinn ágætasta leikluisi
hér á landi á sama tíma og þjóðvegjar
vegja feikna fjármunum, fyrrihöfu og tíma
í að endurskygga í sinni uppflaklegu
mynd fjölda leikluisa, sem skammduel
í síðasta stöði.

Þá hafði þann ort á þvi að svalafyrir-
kennuleg vinn og er í þjóðleikluisinn ef
þnar þáttur í evrópski leikluisheft.

Með vinnulegum kveðjum
Kjubi Sindal

Hjálaga

lillel á þannavörnum í þjóðleikluisinn
umrin af þannamálaþjórn og Eðlvarna-
eftirliti Reykjavíkur.



BRUNAMÁLASTOFNUN RÍKISINS
LAUGAVEGI 59, 101 REYKJAVÍK, SÍMI 91-25350

Gunnar St. Ólafsson
Laugavegi 42,
101 Reykjavík.

Reykjavík 18. janúar 1989

Mál: Úttekt á brunavörnum í Þjóðleikhúsinu.

Hjálagt sendist skýrsla um sameiginlega yfirlitsúttekt Brunamálastofnunar ríkisins og Eldvarnaeftirlits Reykjavíkurborgar á brunavörnum Þjóðleikhússins. Úttektin, sem unnin er á úttektarblöð Brunamálastofnunar, beindist einkum að rýmingarleiðum hússins og brunahólfunum en í minna mæli að lagnakerfum.

Eins og fram kemur í skýrslunni eru brunavarnir hússins óviðunandi og brýn nauðsyn að úr verði bætt hið fyrsta.

Virðingarfyllt:

Gunnar Ólafsson
forstm. eldvarnaeftirlits
Reykjavíkurborgar

Guðmundur Gunnarsson
verkfræðingur B.R.

Skýrsla um úttekt á brunavörnum í Þjóðleikhúsinu, sem forsm. byggingar- og rafvirkni- og segist ekki hafa séð eða vitað um.
L.S.M.

Brunavarnaskýrsla

Númer 2105

Brunamálastofnun Ríkisins
Laugavegi 59, Reykjavík
Sími 91-25350

Dags. f.sk.

Dags.

16.01.1990

Svf.númer

0000

M.hl.nr.

01

Þjóðskrárnúmer

4490-0190

Heimilisfang

HVERFIGATA 19, Þjóðleikhúsið

Staður

Reykjavík

Sími

11204

Eigandi

Þjóðleikhúsið

Notkun húss

Leikhús

Samþykkt taíkn.

Byggingarefni

Steinsteypa

Byggingar ár

1928

Stærð m3

32623

Fj. hæða

5

Grunnfl. m2

6258

Fasteignamat

Brunahönnun

Hönnuður

Nr.Slökkvillðs

1

Slökkvillðsstjóri

Rúnar Bjarnason

Viðvörðunarkerfi

Slökkvikerfi

Handvirkt kerfi á sviði og málarasal. CO2 kerfi í spennistöð.

Sérstök eldhætta

Samtenging ólíkra notkunareininga

Upphlutun

Hitaveita

Fjarlægð til slökkvillðs

4 km.

Samskiptaaðili

Gunnar St. Ólafsson verkefnisstjóri bygginganefndar Þjóðleikhússins

Slökkvláætlun

Þjóðskrárnúmer	4490-0190	Númer	2105	Dags. úttektar	16.01.1990
Unnið af	Guðmundi Gunnarssyni				
Umbeðið af	Gunnar St. Ólafsson verkefnisstjóri bygginganefndar Þjóðleikhússins				
Viðstaddir	Gunnar St. Ólafsson verkefnisstjóri bygginganefndar Þjóðleikhússins, Gunnar Ólason forstm. eldv.e. Rvk. Pétur Valdimarsson BR.				
Aðkoma slökkvillís	Góð	Slökkvivatn	Brunahanar		
Handslökkvitæki		Brunaslöngur			

Almenn lýsing

Húsið er steinsteypt. Forsalir eru 4 hæðir, salir eru á tveimur hæðum, sviðsturn er um 30 m hár með tveimur hæðum undir sviðsgólfi og að lokum eru ýmis þjónusturými upp á 5 hæðir umhverfis sviðsturn.

Leikhússkjallarinn: Í kjallaranum er rekið vínveitingahús. Anddyri eru tvö, sitt á hvorri hlið hússins að framanverðu og eru þau hluti af rýmingarleiðum salar á 1. hæð. Neyðarútgangur, sem tengist út í stigahúsin, sem eru beggja vegna á mörkum sviðsturns og salar, er úr salnum að austanverðu (mikið tepptur af rusli og allskonar varningi) og annar minni að vestanverðu, nyrst í salnum. Aðalsalur kjallarans er undir aðalsalnum uppi og fatahengjunum sitt hvoru megin við salinn. Úr forsal kjallarans þar sem fatahengin eru er timburhurð inn í blásaralefann og nú að mestu aflagt, raftöfluherbergi. Hægt er að fara frá salnum inn í neðri kjallarann undir sviðsturni um neyðarútganginn að norðaustan og í gegnum eldhúsið sem er undir þjónustubyggingunni vestan megin í húsinu við sviðsturn.

Leikhúsið: Aðalanddyrið er Hverfisgötumegin og er gengið úr því inn í forsalinn á 1. hæð. Þaðan er til beggja handa gengið að fatahengjum við austur og vesturveggútveggi og þaðan inn um þrennar hurðir hvoru megin inn í salinn sem er í miðju húsi. Vegna hallans á salargólfinu eru tröppur niður í salinn úr innstu dyrunum, úr miðdyrunum er gengið inn á sléttu en þrep eru upp í salinn frá yztu dyrunum. Hallinn á gólfunum er uppbyggður úr timbri 75x150 mm með 34 mm borðaklæðningu á steyptri plötu. Úr forsalnum er einnig gengt til beggja handa upp stiga upp á neðri svalir í gegnum "kristalssalinn" og áfram upp á efri svalir. Austan megin við salinn á 2. hæð er veitingasala sem notuð er í hléum í leikhúsinu ásamt kristalssalnum, en að vestanverðu eru fatahengi. Úr snyrtingum við veitingasalina eru læstar hurðir út í stigahúsin sem eru beggja vegna á mörkum sviðsturns og salar. Þegar komið er upp á þriðju hæð er fyrst komið í lítinn sal sem er opin inn á efri svalirnar. Til beggja handa við aðalsalinn eru geymslur sem ná frá áðurnefndum stigum, meðfram aðalsalnum og aftur að sviðsturni. Þar var áður neyðarútgangur frá efri svölunum en nú eru þar búningageymslur og svo þétt fyllt að enginn maður fer þar í gegn frá efri svölunum.

Sviðsturninn og bakrýmin. Undir sviðsgólfinu, sem er úr timbri, eru tvær hæðir. Sviðsgólfið og undirliggjandi gólf er borið uppi af stálvirki sem ekki er eldvarið. Á neðra gólfinu er m.a. eldhús (sem tengist leikhússkjallaranum) og mótuneyti starfsmanna. Þar er einnig inngangur í trésmíðaverkstæðið sem er í útbyggingu til austurs og spennistöð og rafmagnsherbergi þar við hliðina. Á efra gólfinu eru geymslur, hljómsveitargryfja sem er opin inn í salinn og fleira.

Aðfinnslur

Númer 2105

Dags. úttektar 16.01.1990

Þjóðskrárnúmer 4490-0190

Ástand brunavarna Óviðunandi

Vísað er til eftirfarandi ákvæða í reglugerð um brunavarnir og brunamál nr: 269/1978

12. kafli.

Lítið virðist hafa verið framkvæmt af úrbótum til brunavarna þrátt fyrir úttektarskýrslu eldvarnaeftirlitsins dags. 20 okt. 1974 og bréf þjóðleikhússtjóra dags. 24. maí 1976.

Aðal aðfinnslur við húsið eru eftirfarandi:

Við bruna í forrými eru rýmingarleiðir úr sal fljótar að lokast. Efri og neðri svalirnar hafa einungis rýmingu út í forsalinn en úr aðalsal má komast yfir sviðið og þaðan út bakatil. Léleg brunahólfun rýrir þó stórkostlega þessa leið. Rýmingarleiðir eru hindraðar með ýmsum varningi sem geymdur er í þeim.

Húsið er allt í einu brunahólfi og er m.a opið milli kjallara og salar áfram inn á sviðið í gegnum umbúnað við hljómsveitargryfju auk þess sem loftræsikerfið tengir allt húsið saman.

Þrátt fyrir marg framsettar kröfur af hálfu eldvarnaeftirlitsins um brunaviðvörðunarkerfi í húsið vantar það ennþá auk þess sem slökkvikerfi á sviði og verkstæðum er mjög ótryggt.

Efnisval í upphækkun gólfa í sal er mjög óheppilegt þar sem notað er timbur í stað óbrennanlegra efna. Einnig eru klæðningar innan á veggjum í sal í flokki 2 í stað klæðninga í flokki 1.

Uppsöfnun á rusli og öðrum auðbrennanlegum efnum á sér stað undir gólfinu sem getur valdið stórhættu fyrir þá sem eru í salnum. Útfæra þarf ristarnar þannig að rusl geti ekki fallið þarna niður.

Loftræstikerfið er án allra lokana og tengir það allt húsið saman í eitt brunahólf. Auk þess eru sumir stokkarnir úr brennanlegum efnum.

Taka skal fram að ekki var gerð prófun á slökkvikerfunum, brunadælunni né heldur á brunatjaldinu.

Almenn lýsing, framhald.

Loftræstikerfi liggur frá klefa í kjallara undir aðalanddyri leikhússins og undir gólfín í salnum. Stokkarnir eru að hluta til úr brennanlegum efnum (timbur, tex og krossviður) og eru hvergi með brunalokunum. Öll upphækkunin undir sætunum er hluti af loftræstistokkunum þannig að kæmist reykur inn í stokkakerfið yrði honum blásið inn í salinn undir hvert sæti. Engar eldvarnarlokur eða reykskynjun er í stokkunum til stöðvunar á kerfinu komist í það reykur.

Kröfur um úrbætur brunavarna

Númer 2105

Dagsetning úttektar 16.01.1990

Þjóðskrárnúmer 4490-0190

Kröfurnar eru settar fram í forgangsörð

Gera þarf brunahönnun af byggingunni í heild m.a. út frá eftirfarandi atriðum.

1. Hólfa þarf húsið í eftirfarandi megin brunasamstæður. Leikhúskjallarinn, áhorfendasalur, forrymi, sviðsturn, stigahúsin, bakrymin, verkstæðin, æfingasalur auk sérrýma sem alltaf eiga að vera í A60 rými s.s. spennistöð, loftræstiklefar, eldhús, og fl. Þessi hólfun kallar einnig á lokun í loftstokkunum sbr. lið 4. Þetta skal með öllum lögnum sem liggja milli brunahólfa á þann hátt að brunamótstaða hólfa sé ekki skert.

2. Tryggja skal rýmingarleiðir hússins þannig að úr hverju brunahólfi verði a.m.k. tvær óháðar rýmingarleiðir sem samtals eru á breidd 1 sm fyrir hvern mann sem í húsinu getur verið. Reikna þarf dreifingu rýmingarleiða fyrir húsið á meðan á sýningu stendur og einnig í hléum. Athygli skal vakin á því að í breidd útganga reiknst ekki breidd þeirra hurðarfleka sem er festir með blindlæsingu (rílum).

3. Setja skal sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi í allt húsið í samræmi við "Reglur Brunamálastofnunar ríkisins um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi". Gera skal þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald brunaviðvörðunarkerfisins eins og kveðið er á um í reglunum.

4. Lagfæra skal loftræstikerfið. Stokkar skulu búnir eldvarnarlokum á mörkum brunahólfa og allir stokkar og einangrun þeirra skal vera óbrennanleg. Setja skal reykskynjara í stökkana þannig að brunaviðvörðunarkerfið stýri blásurunum á ákveðinn hátt samkvæmt brunahönnuninni komist reykur inn í stökkana.

5. Í sviðsturn, verkstæði og þ.h. bakrymi skal setja (endurnýja) sprinklerkerfi samkvæmt ákvæðum í gr. 12.9 í brunamálareglugerð.

6. Setja skal reyklosun í sviðsturn samkvæmt gr. 12.9 brunamálareglugerð.

7. Neyðarlýsing og ÚT ljós skulu uppfylla gildandi brunamálareglugerð.

8. Við endurbyggingu eða breytingar á húsinu skal þess gætt að byggingarmátinn standist núgildandi reglugerðir eins og unnt er. Hér er einkum átt við að nota skal óbrennanleg efni , A60 , til uppbyggingar á halla gólfanna, allar klæðningar skulu vera í flokki 1 á vegg og loft, gólfefni skulu vera viðurkennd á samkomuhús og hurðir skulu vera í samræmi við brunamálareglugerð og þá vegg sem þær eru í.

9. Brunaslöngum ásamt handslökkvitækjum skal komið fyrir í húsinu í samráði við slökkviliðstjóra. Handslökkvitæki skulu yfirfarin ár hvert og þau endurhlaðin eftir hverja notkun þeirra.

Sent út 1990.01.17 til GSÓ